



## **Samþykkt fyrir notendaráð um málefni fatlaðs fólks á Akranesi.**

---

### **Umboð**

#### **1. gr.**

Notendaráð um málefni fatlaðs fólks á Akranesi starfar í umboði bæjarstjórnar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt Akraneskaupstaðar um stjórn og fundarsköp 20. nóvember 2018 og eftir því sem mælt er fyrir um í 1.mgr. 7. gr., 2. mgr. 8. gr. og 5.mgr. 11. gr. laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, 8. og 10. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Notendaráð fer einnig með verkefni samráðshóps um málefni fatlaðs fólks samkvæmt 2. mgr. 42. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Notendaráð starfar einnig með tilvísun í 4. grein samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, þar sem mælt er fyrir um náíð samráð við og tryggja virka þátttöku fatlaðs fólks við undirbúning og framkvæmd laga er varðar málefni þess.

### **Markmið og hlutverk**

#### **2. gr.**

Markmið starfsemi notendaráðs er að tryggja virka þátttöku og auka áhrif fatlaðs fólks á þróun, skipulag og framkvæmd þjónustu og önnur hagsmunamál þeirra innan sveitarfélagsins.

Hlutverk notendaráðs er að vera formlegur vettvangur samráðs og samstarfs við bæjarstjórn Akraness, ráð og nefndir um hagsmuni fatlaðs fólks þar sem fjallað er um þjónustu við fatlað fólk, aðgengismál í víðum skilningi, framkvæmd þjónustunnar og þróun. Notendaráð er ráðgefandi fyrir sveitarfélagið við stefnumörkun og áætlanagerð er varðar málefni fatlaðs fólks.



## **Skipan**

### **3. gr.**

Notendaráð um málefni fatlaðs fólks er skipað sex fulltrúum. Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá fulltrúa í notendaráð til fjögurra ára og einn til vara.

Hagsmunasamtök fatlaðs fólks skulu skipa þrjá fulltrúa og þrjá til vara. Fulltrúarnir skulu vera með lögheimili á Akranesi. Við skipan í notendaráð skal leitast við að skipa fulltrúa hagsmunasamtaka fatlaðs fólks sem eru með ólíkar skerðingar.

Fulltrúar hagsmunasamtakanna skulu vera notendur þjónustu við fatlað fólk á Akranesi.

Gæta skal að kynjahlutföllum þegar skipað er í ráðið.

Bæjarstjórn kýs formann notendaráðsins en notendaráðið kýs varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Skipunartími í notendaráð fylgir kjörtímabili bæjarstjórnar.

Tryggja skal fulltrúum notenda í notendaráði nægjanlegan stuðning óski þeir þess og eftir atvikum þjálfun svo unnt sé að stuðla að virkri þátttöku í samráðinu. Einnig ber að tryggja að mál sem hópurinn tekur til umfjöllunar verði sett fram á auðskildum texta þegar við á.

Fulltrúar kosnir af bæjarstjórn sitja ekki fund ráðsins þegar notendaráðið fjalla um þau mál sem falla undir verksvið notendaráðs sbr. þingsályktun um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017-2021 umfjöllun um notendaráð og sbr. 10. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og 7. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

## **Verkstjórn og verkaskipting**

### **4. gr.**

Formaður notendaráðs er í forsvari fyrir hópinn, kemur fram fyrir hönd hans og veitir ásamt með öðrum fulltrúum í hópnum, ráðgjöf við mótaða stefnu í málaflokknum.

Notendaráð er vistað hjá velferðar- og mannréttindasviði sem sér ráðinu fyrir starfsmanni, sem sér um fundarritun ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins, rekstri þess og stjórnarsýslu.



## Boðun funda og fundarsköp

### 5. gr.

Notendaráð skal funda fjórum sinnum á ári og oftari ef þörf krefur að ákvörðun formanns eða ef, formaður ráðsins eða a.m.k. tveir fulltrúar í ráðinu óska þess.

Formaður notendaráðs boðar til funda og ákveður dagskrá í samráði við starfsmann ráðsins og stýrir fundum hans. Geti fulltrúi í notendaráði ekki sótt fund, tilkynnir hann forföll til starfsmanns velferðar- og mannréttindasviðs og óskar eftir því að varamaður verði boðaður. Notendaráð getur einnig ákveðið að allir varamenn sitji fundi ásamt aðalmönnum.

Á dagskrá skulu tekin fyrir mál sem fulltrúar í notendaráði hafa óskað eftir að fjallað verði um enda séu þau á verksviði notendaráðsins. Heimilt er að taka mál til meðferðar í notendaráði þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað. Einnig eru tekin á dagskrá mál sem bæjarstjórn og fastanefndir/ráð sveitarfélagsins óska eftir að ráðið fjalli um.

Fundir skulu boðaðir með a.m.k. viku fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Um fundarsköp fer eftir bæjarmálasamþykkt eftir því sem við á.

Starfsmaður velferðar- og mannréttindasviðs situr fundi notendaráðsins og hefur málfrelsi og tillögurétt. Jafnframt skulu fulltrúar frá fagsviðum Akraneskaupstaðar sitja fundi ráðsins undir þeim liðum sem varða þeirra verksvið sé þess óskað. Þá getur hópurinn boðað til fundar einstaka starfsmenn Akraneskaupstaðar sem og aðra þá sem hún telur þörf á hverju sinni.

Notendaráð er ályktunarhæft þegar minnst tveir þriðju meðlima hans eru mættir á rétt boðaðan fund. Við allar atkvæðagreiðslur nægir einfaldur meirihluti. Notendaráð skal að öllu jöfnu svara erindum, þar sem óskað er umsagnar, innan tveggja vikna frá því að erindi berst.

Notendaráð gerir tillögur eða sendir erindi til viðkomandi ráða eða beint til bæjarráðs eða bæjarstjórnar um þau málefni sem það telur varða hagsmuni eða aðstæður fatlaðs fólks eða



óskað hefur verið ráðgjafar eða umsagnar um. Notendaráðið fundar með ráðum bæjarins óski þau þess. Notendaráð getur einnig óskað eftir fundi með ráðum um málefni sem það telur þörf fyrir að kynna.

Notendaráð getur kallað til þá starfsmenn sveitarfélagsins eða sérfræðinga sem það telur nauðsynlegt hverju sinni. Áður en lagt er út í kostnað við kaup á þjónustu sérfræðings skal kostnaðarmat lagt fyrir bæjarstjóra til samþykktar.

Akraneskaupstaður sér notendaráði fyrir fundaraðstöðu og aðgangi að þeim gögnum sem nauðsynleg eru fyrir ráðið.

### **Fundarskipulag og ritun fundargerða**

#### **6. gr.**

Fundir skulu að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

Notendaráð skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til velferðar- og mannréttindaráðs.

### **Verkefni**

#### **7. gr.**

Verkefni notendaráðs eru einkum:

- 1.** Að vera bæjarstjórn, ráðum, nefndum og hlutaðeigandi stofnunum til ráðgjafar í málefnum faltaðs fólks varðandi aðgengismál í víðum skilningi, hugmyndafræði, áætlanagerð og stefnumótun
- 2.** Að fylgjast með stefnumótun og þróun hugmyndafræði er varðar þjónustu við fatlað fólk og koma á framfæri hugmyndum, tillögum og ábendingum að breytingum á þjónustu sveitarfélagsins
- 3.** Að fylgjast með framkvæmd þjónustu við fatlað fólk í sveitarfélaginu í samráði við notendur hennar og talsmenn þeirra eða aðstandendur. Í því felst meðal annars að fjalla um ábendingar og tillögur þeirra sem í hlut eiga, þó ekki þær sem varða málefni einstaklinga



4. Að stuðla að góðri upplýsingamiðlun og samstarfi Akraneskaupstaðar við hagsmunasamtök fatlaðs fólks
5. Notendaráð getur tekið upp mál að eigin frumkvæði enda séu þau á verksviði ráðsins
6. Að veita félagsmálaráðuneytinu umsögn um umsóknir um starfsleyfi þeirra sem hyggjast veita þjónustu samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga

### Samráð

#### 8. gr.

Notendaráð skal stuðla góðri upplýsingamiðlun og samráði við íbúa, félagasamtök og hagsmunasamtök sem tengjast verkefnum ráðsins.

Notendaráð skal halda árlega fundi með hagsmunaaðilum, notendum þjónustu sveitarfélagsins hagsmunasamtökum notenda félagsþjónustu. Notendaráð getur leitað umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefur tilefni til.

### Málsmeðferð

#### 9. gr.

Um fulltrúa notendaráðs gildir samþykkt bæjarstjórnar um siðareglur kjörinna fulltrúa hjá Akraneskaupstað. Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast að öðru leyti til samþykkt um stjórn Akraneskaupstaðar og fundarsköp bæjarmálasamþykktar.

Samþykktina skal endurskoða í upphafi hvers kjörtímabils.

**Samþykkt í velferðar- og mannréttindaráði Akraness þann 22. júní 2020**

**Samþykkt í bæjarráði í umboði bæjarstjórnar Akraness þann 25. júní 2020**

Sævar Freyr Þráinsson

bæjarstjóri